

Fundur 20.11.2023. Ómar Bergmann.

Komið þið sælir, sæl félagar.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Ég get ekki verið lengi félagar, ég vildi láta ykkur vita af því að af mér er allt gott að fréttu og ég var svo stutt í sambandinu síðast, ég er allur búinn að hressast, læknast á nýjum hnetti og duglegur að sækja læknanna og þeir hafa örvað mig andlega og líkamlega og endurnært, þeir komust að því að ég var haldinn margskonar sjúkdómum og kvillum.

Alla vega einn erfðasjúkdómur sem búið er að lækna og duglegur að sækja til læknanna og er nú allur búinn að hressast og ná fyrri kröftum og var ekki nema hálfur maður síðustu árin sem ég lifði og gat ekki notið krafta minna og finnst mér það mikil bót að vera kominn hingað og heill heilsu og finnst mér það þó best að hugur minn er aftur orðinn skýr og líkaminn ungur og hraustur, hef ég mikið grennst og farinn að stunda líkamsrækt og held mér við og verður mér oft hugsað til ykkar.

En hefur margt hamlað mér að komast aftur í sambandið og var það of stutt sem ég talaði til ykkar síðast, var það aðeins örfáar mínútur og var ég þá ekki orðinn heill heilsu, en er það nú allt að komast á betri veg og vil láta mitt fólk vita af því.

Einhver truflun á sambandinu, já þið hafið verið hér með ágætan fund, ég, afsakið er sambandið fer út um þúfur, orkan minnkar, ég er aftur farinn að sækja þessa fundi hér.

Ég var orðinn fráhverfur þessum stjörnusambandsstöðvum er ég kom hér fyrst og er ég hitti Þorstein og gömlu félagana, þeir voru, sambandið er að rofna, þeir voru ekki ánægðir með að ég skildi vera í Vottum Jehova og Mormónum, Ómar Bergmann.

Já gaman að heyra í þér Ómar. Og komdu blessaður.

Ég bið að heilsa ykkur öllum og sakna, gaman að rifja upp gömlu tímana, Já ég er orðinn miklu hressari og er hér aftur búinn að kynnast hér konu og eignast aðra dóttur. Sendi þeim bestu kveðjur mínar, vona að ég komist aftur, sambandið er slitrótt, ég er mikið hressari, ég er ég var,

*Ert þú í tónlistinni?*

Ja ekki mikið enn þá og ég er að rifja það upp líka.

*Það er gott.*

Já já. Pabbi við góða heilsu og mamma og bjó stundum hjá þeim hér í nýjum heimkynnum, já já mikil tónlist hér, á eftir að fara meira út í það.

Hef verið fastur við þessa Mormóna kirkju, kynntist þar þessari, gott fólk, þessi kona og já það, er að slíta mig svolítið frá því aftur og leita á gömul mið, ef svo má segja.

*Svo þeir hafa svoldið fjötrað þig með konunni?*

Já, ég var svolítið ringlaður í þessu og já þurfti tíma að jafna mig og ná heilsu aftur, það er nú allt að koma, og já já það er nú margt gott um þetta að segja, en ég hef reynt að fræða þá um þetta og því er misjafnlega tekið eins og gerist og gengur.

Já vildi hér segja frá mörgu öðru, en það verður að bíða, ég þakka fyrir, sendi ykkur bestu kveðjur, gaman að komast í sambandið, verið þið sæl.

*Já þakka þér fyrir. Gangi þér vel Ómar og gangi þér vel með þessa konu líka.*

Sumuleiðis og ég óska ykkur alls hins besta og þið heyrið að ég er orðinn miklu hressari, verið þið sæl.

*Vertu sæll og blessaður.*